



## LÖG FYRIR ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ FYLKI

Samþykkt á aðalfundi 28. janúar 1975 og breytingar; 28. febrúar 1978, 26. febrúar 1983, 28. nóvember 1996, 27. maí 2003, 16. mars 2004, 29. apríl 2009, 17. febrúar 2011, 27. apríl 2023 og 28. maí 2024.

### 1. grein

#### Nafn og aðsetur

Félagið heitir Íþróttafélagið Fylkir og er aðili að ÍSÍ. Aðsetur þess er að Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík.

### 2. grein

#### Markmið

Markmið félagsins er að iðka og útbreiða íþróttir og vinna að heilbrigðu, þroskandi, fjöru og fjölbreyttu félagslífi.

Íþróttafélagið Fylkir starfar sjálfstætt og ber að hafna öllum þrýstingi, hvort sem hann er af pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum toga, sbr. ákvæði í lögum ÍSÍ.

Merki og búningur.

Merki félagsins er hringlaga, svart með esslaga striki, sem skiptir svörtum fletinum og nafnið FYLKIR með hvítum stöfum neðst í vinstri hluta þess. Aðallitir í búningi félagsins skulu vera appelsínugulur (Panton Orange O21C) og svartur. (appelsínugul peysa og svartar buxur) Heimilt er aðalstjórn að veita frávik frá þessari reglu í samræmi við hefðir sem skapast hafa í samskiptum félaga í viðkomandi keppnisgreinum.

### 3. grein

#### Deildaskipting

Félagið skiptist í deildir eftir ákvörðun aðalfundar. Hver deild kys sér stjórn. Hver deild skal vera sérstakur lögaðili og hafa eigin kennitölu.

### 4. grein

#### Réttindi og skyldur félaga

Félagar geta allir orðið, konur jafnt sem karlar, yngri sem eldri. Félagsaðild miðast við þátttöku í leik eða starfi og að viðkomandi virði þær reglur, sem í gildi eru í félaginu.

Kosningaréttur og kjörgengi miðast við 12 ára aldur.

Öllum sem klæðast búningi félagsins, er skylt að koma þróðmannlega fram í hvívetna. Sama gildir um aðra, er koma fram í nafni félagsins.

### 5. grein

#### Verksvið aðalstjórnar

Aðalstjórn skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Formaður skal kosinn til eins árs í senn. Þrjú stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn ár hvert.

Formaður skal vera fulltrúi félagsins útávið í málu sem ekki falla undir starfssvið framkvæmdastjóra. Aðalstjórn hefur sjálfstæðan fjárhag og eftirlit með fjárreiðum einstakra deilda félagsins.

Aðalstjórn ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir íþróttamannvirkjum félagsins. Íþróttamannvirki eru eign félagsins en ekki einstakra deilda. Aðalstjórn ræður starfsemi félagsins milli félagsfunda. Aðalstjórn skipar fulltrúa á ársþing ÍBR og ÍSÍ. Deildarstjórnir skipa fulltrúa á ársþing sérsambanda. Úr stjórn mega mest ganga fjórir ár hvert.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og framfylgir stefnu og ákvörðunum stjórnar. Honum ber að hafa frumkvæði um daglega stjórn og verkaskiptingu starfsfólks og jafnframt fylgjast með störfum annarra trúnaðarmanna félagsins. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri sér um ráðningu starfsfólks samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber.



## 6. grein

### Samskipti aðalstjórnar og deilda

Aðalstjórn hefur rétt til að senda fulltrúa á alla stjórnarfundum deilda.

Hver deild getur hvenær sem er lagt skriflegt erindi fyrir aðalstjórn. Skal afgreiða slík mál svo fljótt sem auðið er. **7. grein**

### Nefndir

Aðalstjórn og stjórnir deilda skipa nefndir eftir þörfum. Fastanefndir eru laganefnd, sögunefnd mannvirkjanefnd og kjörnefnd og skulu þær kosnar á aðalfundi og vera skipaðar þremur til fimm mönnum hver. Allar starfandi nefndir innan félagsins skulu skila skýrslu til aðalfundar.

## 8. grein

### Hlutverk fastanefnda

Hlutverk laganefundar er að fjalla um tillögur er henni berast. Félagsmenn sem vilja koma á framfæri tillögum um lagabreytingar sendi slík erindi til aðalstjórnar. Ef engar tillögur um lagabreytingar berast laganefnd á árinu skal formaður félagsins í tæka tíð boða fund með nefndinni til að ganga úr skugga um að engin röskun hafi orðið eða sé framundan sem kalli á lagabreytingu. Aðalstjórn skal sjá um að félagsmenn hafi greiðan aðgang að lögum félagsins.

Hlutverk sögunefndar er að varðveita heimildir í máli og myndum, svo og minjagripi, sem tengjast starfi félagsins og hafa sögulegt gildi þannig að fyrir liggja glögg og sönn mynd af starfi félagsins frá stofnun þess. Aðalstjórn skal sjá nefndinni fyrir viðunandi starfsaðstöðu þar sem unnt er að geyma þau gögn og muni sem varðveita þarf.

Hlutverk mannvirkjanefndar er að vera ráðgefandi aðili við stærri framkvæmdir mannvirkja og viðhald eftir atvikum.

Kjörnefnd skal leggja fram tillögur til aðalfundar um stjórnarmenn eins og lög þessi gera ráð fyrir.

## 9. grein

### Félagsfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí ár hvert og skal auglýstur með að minnsta kosti 2ja vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins og/eða með öðrum rafrænum hætti. Hann telst lögmætur sé löglega til hans boðað. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess. Rétt til atkvæðisréttar á aðalfundi eiga skuldlausir félagsmenn 12 ára og eldri. Tillögur um lagabreytingar skulu vera komnar í hendur aðalstjórnar viku fyrir aðalfund. Framhaldsaðalfund skal halda, ef ekki reynist unnt að ljúka störfum aðalfundar svo sem lög mæla fyrir um. Fundinn skal halda svo fljótt sem auðið er og gilda sömu reglur um boðun hans og aðalfundar. Geta skal dagskrár í fundarboði. Stjórn félagsins er heimilt að boða til félagsfundar ef hún álitur þess þörf. Jafnframt skal halda félagsfund ef minnst 20 atkvæðisbærra félagsmanna óska þess. Boða skal slíka fundi með sama hætti og aðalfund.

## 10. grein

### Störf aðalfundar og reglur um stjórnarkjör

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í aðalstjórn Fylkis skulu tilkynna það til kjörnefundar ekki síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Kjörnefnd hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á aðalfundi ef þurfa þykir m.a. ef ekki berast framboð.

1. Fundarsetning.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari(ar).
3. Skýrsla stjórnar.
4. Nefndir.
5. Reikningar félagsins
6. Lagabreytingar
7. Kosnar fastanefndir (laganefnd, sögunefnd, mannvirkjanefnd og kjörnefnd)
8. Kosning stjórnar:
  - Kosinn formaður.
  - Kosnir 3 menn í stjórn til tveggja ára.
9. Kosinn löggiltur endurskoðandi/endurskoðunarfirma og tveir félagslegir skoðunarmenn.
10. Önnur mál.



## 11. Fundarslit.

### 11. grein

#### Atkvæðagreiðslur

Tillögur um lagabreytingar og heimild til að ráðstafa fasteignum félagsins þurfa samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Einfaldur meirihluti nægir til samþykkis annarra tillagna. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum, nema í kosningu á milli manna, þá ræður hlutkesti.

### 12. grein

#### Félagsgjöld

Félagsgjald skal ákveða á aðalfundi og er innheimt af aðalstjórn. Þeir sem stunda æfingar á vegum deilda og hafa greitt tilskilin æfingagjöld, eru fullgildir félagsmenn. Hluti æfingagjalds er félagsgjald skv. ákvörðun aðalstjórnar. Halda skal skrá yfir alla félagsmenn.

### 13. grein

#### Fundir

Stjórnarfundir boðar formaður þegar hann eða meirihluti stjórnarinnar telur nauðsynlegt. Ákvarðanir stjórnarinnar öðlast gildi með einföldum meirihluta. Annars eru stjórnarfundir lögmætir þegar 5 stjórnarmenn eru mættir. Haldinn skal minnst einn fundur aðalstjórnar með stjórn hverrar deildar á ári.

### 14. grein

#### Reikningar

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu komnir til skoðunarmanna 14 dögum fyrir aðalfund. Sjö dögum fyrir aðalfund skulu reikningar liggja frammi til skoðunar fyrir félagsmenn. Félagið skal hafa í þjónustu sinni endurskoðanda er leiðbeini gjaldkerum með uppsetningu og frágang á bókhaldi félagsins. Aðalstjórn setur reglur um meðferð fjármuna félagsins og frágang á bókhaldi.

### 15. grein

#### Deildir

Hver deild félagsins kýs sér stjórn og ákveður fjölda stjórnarmanna, sem síðan skipta með sér verkum.

Kjörtímabilið er eitt ár.

Deildarstjórnir kjósa fulltrúa í sérráðin, sem þær eru aðilar að. Stjórnir deilda skulu annast allt sem viðkemur rekstri deildarinnar og hefur hver deild sjálfstæðan fjárhag.

Meiriháttar fjáraflanir sem deildir hafa hug á að taka upp, skulu kynntar aðalstjórn til umsagnar mánuði áður en fjáröflun hefst. Deildir skulu gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár skv. nánari ákvörðun aðalstjórnar og skal hún send aðalstjórn félagsins til umsagnar. Deildum er skylt að bera allar meiriháttar ákvarðanir undir aðalstjórn félagsins.

Stjórn er skylt að skrá alla sem æfa hjá viðkomandi deild.

Deildir bera fulla ábyrgð á skuldbindingum sínum gagnvart aðalstjórn félagsins. Hver deild skal halda gjörðabók um störf sín.

### 16. grein

#### Aðalfundir deilda

Sömu reglur gilda um boðun og dagskrá aðalfunda deilda, sem um aðalfund félagsins og skulu þeir haldnir á sama degi og aðalfundur félagsins. Þó skal deildum heimilt, með leyfi aðalstjórnar, að halda aðalfund á öðrum tíma.

Hver deild hefur ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal aðalstjórn boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.



## 17. grein

### Eignir deilda

Hætti einhver deild störfum skulu eignir hennar renna til félagsins.

## 18. grein

### Heiðursveitingar

Aðalstjórn er heimilt að semja reglugerð um veitingu heiðursmerkja og annarra viðurkenninga fyrir íþróttarárangur eða störf í þágu félagsins. Slík reglugerð skal samþykkt á aðalfundi eða sameiginlegum stjórnarfundum með deildum.

## 19. grein

### Hegning

Hafi félagsmaður brotið lög þess eða með framkomu sinni hnekk álitum þess og markmiði, skal aðalstjórn hafa heimild til þess að víkja félagsmanni tímabundið úr félaginu eða ákveða aðra málsmeðferð. Áður skal þó gefa viðkomandi kost á að tala máli sínu. Áfrýja má úrskurði aðalstjórnar til næsta félagsfundar.

## 20. grein

### Ráðstöfun á eignum félagsins

Fasteignum félagsins má aðeins ráðstafa (selja eða veðsetja) eftir tillögu frá stjórn félagsins og að fyrir liggi samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna á félagsfundum.

## 21. grein

### Félagsslit

Tillaga um félagsslit þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna á tveimur félagsfundum til þess að hún nái fram að ganga.

Skulu líða a.m.k. 30 dagar á milli funda.

## 22. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og þar með eru eldri lög úr gildi fallin.